

**Vinnueftirlit ríkisins**  
**07 331**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Vinnueftirlit ríkisins

kt. 420181-0439

Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Vinnueftirlit ríkisins er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérлага.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.052,0 milljónir og afkoma kr. 9,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 11,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 274,0 milljónir.

Það er álit okkar að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður og sviðsstjóri staðfesta hér með ársreikning Vinnueftirlits ríkisins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir,  
forstjóri

(undirritað rafrænt)

Jón Ingi Einarsson,  
sviðsstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	495.500.000	552.400.000
Aðrar tekjur .....		393.226.162	336.637.861
Seld þjónusta .....	3	105.215.943	76.359.749
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	30.092.819	29.838.454
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	27.949.528	26.761.633
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.051.984.452</b>	<b>1.021.997.697</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	802.838.284	808.363.312
Annar rekstrarkostnaður .....	6	211.550.599	185.088.677
Afskriftir .....	7	27.949.528	26.761.633
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.042.338.411</b>	<b>1.020.213.622</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>9.646.041</b>	<b>1.784.075</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		171.822	(74.683)
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(156.036)	(102.418)
		15.786	(177.101)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>9.661.827</b>	<b>1.606.974</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	8	<u>6.366.700</u>	<u>8.141.215</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður .....		83.130.340	87.368.897
Farartæki og vélar .....		28.526.607	38.324.180
Aðrar eignir .....		2.856.351	2.928.686
		<u>114.513.298</u>	<u>128.621.763</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>120.879.998</u>	<u>136.762.978</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		52.271.380	53.875.698
Tengdir aðilar .....	10	62.831.460	17.198.971
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	1.996.148
Handbært fé .....		38.040.701	6.140.726
		<u>153.143.541</u>	<u>79.211.543</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>153.143.541</u>	<u>79.211.543</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>274.023.539</u>	<u>215.974.521</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	11		
Hrein eign .....		<u>11.268.801</u>	<u>1.606.974</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>11.268.801</u>	<u>1.606.974</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	38.433.942	11.380.078
Viðskiptaskuldir .....		17.520.849	7.485.319
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	82.028.478	86.797.153
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	<u>124.771.469</u>	<u>108.704.997</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>262.754.738</u>	<u>214.367.547</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>274.023.539</u>	<u>215.974.521</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		9.661.827	1.606.974
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	27.949.528	26.761.633
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(27.949.528)	(26.761.633)
		<u>9.661.827</u>	<u>1.606.974</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		3.600.466	(7.857.959)
Tengdir aðilar .....		13.370.827	21.344.094
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		5.266.855	(11.885.948)
		<u>22.238.148</u>	<u>1.600.187</u>
		<u>31.899.975</u>	<u>3.207.161</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....		0	(7.900.000)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	9	(12.066.548)	(7.850.076)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		1.316.000	0
		<u>(10.750.548)</u>	<u>(15.750.076)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	750.076
Fjárfestingarframlag .....		10.750.548	15.000.000
		<u>10.750.548</u>	<u>15.750.076</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		31.899.975	3.207.161
		<u>6.140.726</u>	<u>2.933.565</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>38.040.701</u>	<u>6.140.726</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af sölu á vörum og þjónustu.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrnnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrnnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisýrnnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrnnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár og óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- úppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.



## Skýringar

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

2021 2020

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	495.500.000	522.400.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	27.949.528	26.761.633
	<u>523.449.528</u>	<u>579.161.633</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	481.000.000	0	0	481.000.000
Millifært úr varasjóð .....	12.500.000	0	0	12.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	2.000.000	0	0	2.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>495.500.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>495.500.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(485.838.173)	0	0	(485.838.173)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>9.661.827</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>9.661.827</b>

2021 2020

### 3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta .....	2.747.770	2.798.777
Verksala .....	5.913.772	5.251.779
Ýmsar þjónustutekjur .....	15.000	30.280
Mötuneyti .....	1.874.000	1.324.903
Fræðslustarfsemi og fundir .....	94.665.401	66.954.010
	<u>105.215.943</u>	<u>76.359.749</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	746.942	635.100
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	14.507.432	22.801.410
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	14.627.869	4.760.532
Ýmsar tekjur .....	210.576	1.641.412
	<u>30.092.819</u>	<u>29.838.454</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	656.595.526	663.578.345
Orlof, breyting .....	(4.523.249)	(2.888.572)
Launatengd gjöld .....	146.774.909	142.265.161
Starfsmannakostnaður .....	3.991.098	5.408.378
	<u>802.838.284</u>	<u>808.363.312</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	65	67
------------------------------	----	----

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.753.146	1.620.460
Byggingarvörur, almennar .....	13.844	0
Byggingarvörur, aðrar .....	152.650	50.649
Tæki og búnaður til innréttinga .....	11.216	0
Ýmis tæki og áhöld .....	2.141.303	2.022.881
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	377.534	410.926
Orkugjafar .....	9.108.341	7.784.913
Matvæli .....	17.142.663	14.134.285
Almennar rekstrarvörur .....	4.967.532	2.930.860
Vörukaup, almenn	35.668.229	28.954.974
Rannsóknarstofuefni .....	29.921	0
Kennslu- og föndurvörur .....	337.197	0
Ýmsar sérgreindar vörur .....	562.470	192.636
Vörukaup, sérgreind	929.588	192.636
Fundir, námskeið, risna .....	1.137.097	1.684.333
Ferðir, uppihald .....	4.068.784	1.633.201
Akstur .....	9.725.039	7.035.326
Sérfræðiþjónusta .....	40.420.869	25.295.528
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	1.009.843	771.015
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	3.914.497	1.327.798
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	4.007.584	4.621.479
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	64.283.713	42.368.680
Samningsbundin kaup og leiga .....	2.380.587	2.636.948
Afnotagjöld .....	13.437.121	17.022.462
Leigugjöld .....	63.033.484	61.575.796
Notkun véla og flutningatækja .....	134.889	62.620
Verkkaup .....	18.302.023	22.319.255
Kostnaðarhlutdeild .....	6.429.389	5.615.443
Áhættutap og bætur .....	166.790	79.569
Tryggingar, lögboðnar .....	3.226.795	2.042.722
Opinber gjöld .....	900.736	875.797
Tapaðar kröfur .....	2.657.255	1.341.775
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	110.669.069	113.572.387
Annar rekstrarkostnaður samtals	211.550.599	185.088.677
<b>7 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	16.281.256	15.934.255
Farartæki og vélar .....	9.797.573	10.017.522
Aðrar eignir .....	72.335	72.335
Sölutap og úrehtar eignir .....	23.849	370.710
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	1.774.515	366.811
	27.949.528	26.761.633

## Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
<b>8 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	6.366.700	8.141.215
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 01.01.2021 .....		9.090.442
		<u>9.090.442</u>
Niðurfært 01.01.2021 .....		949.227
Niðurfærsla ársins .....		1.774.515
		<u>2.723.742</u>
Staða 31.12.2021 .....		<u>6.366.700</u>

	31.12.2021	31.12.2020
<b>9 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	83.130.340	87.368.897
Farartæki og vélar .....	28.526.607	38.324.180
Aðrar eignir .....	2.856.351	2.928.686
	<u>114.513.298</u>	<u>128.621.763</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021 .....	159.360.407	93.931.395	3.073.356	256.365.158
Viðbætur á árinu .....	12.066.548	0	0	12.066.548
Selt/úreitt á árinu .....	(79.934)	(4.550.000)	0	(4.629.934)
	<u>171.347.021</u>	<u>89.381.395</u>	<u>3.073.356</u>	<u>263.801.772</u>
Afskriftir 01.01.2021 .....	71.991.510	55.607.215	144.670	127.743.395
Afskrift ársins .....	16.281.256	9.797.573	72.335	26.151.164
Selt/úreitt á árinu .....	(56.085)	(4.550.000)	0	(4.606.085)
	<u>88.216.681</u>	<u>60.854.788</u>	<u>217.005</u>	<u>149.288.474</u>
Staða 31.12.2021 .....	<u>83.130.340</u>	<u>28.526.607</u>	<u>2.856.351</u>	<u>114.513.298</u>

## 10 Tengdir aðilar

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	62.831.460	17.198.971
	<u>62.831.460</u>	<u>17.198.971</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	38.433.942	11.380.078
	<u>38.433.942</u>	<u>11.380.078</u>

## Skýringar

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	1.606.974	(16.706.220)
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	16.706.220
Afkoma ársins .....	9.661.827	1.606.974
Jöfnuður 31.12. ....	<u>11.268.801</u>	<u>1.606.974</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
<b>12 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	82.028.478	86.551.727
Önnur ógreidd gjöld .....	0	245.426
	<u>82.028.478</u>	<u>86.797.153</u>

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	120.879.998	136.762.978
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) .....	3.891.471	(28.057.981)
	<u>124.771.469</u>	<u>108.704.997</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	136.762.978	(28.057.981)	108.704.997
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	42.700.000	42.700.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....	0	1.316.000	1.316.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	12.066.548	(12.066.548)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(27.949.528)	0	(27.949.528)
	<u>120.879.998</u>	<u>3.891.471</u>	<u>124.771.469</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 28,3 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

## Skýringar

### 14 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert tímabundna og ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og ótímabundna rekstrar- og þjónustusamninga. Greiðslur vegna húsaleigu mun nema kr. 65,6 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 18,8 milljónum árið 2022.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.